

Mál nr. 163/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið af völdum sandfoks.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 26.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Haustið 2007 mun hafa verið unnið við að reisa verksmiðju á vegum fyrirtækisins F í næsta nágrenni við heimili M í sveitarfélaginu S. Framkvæmdunum fylgdi jarðrask. Í ítrekuðum fárviðrum þá um haustið, þegar vindur stóð af austri eða suðaustri, kveður M að bifreið sín hafi orðið fyrir miklum skemmdum á lakki af völdum sandfoks frá athafnasvæði F.

Í yfirlýsingu bæjarstjóra S, dags. 19.6.2008, segir að mikið sandfok hafi verið haustið 2007 og í byrjun árs 2008 og fólk hafi kvartað undan því og talið sig hafa orðið fyrir tjóni af þeim sökum. Í kjölfarið hafi hann haft samband við F og óskað eftir að mól yrði sett yfir sand á athafnasvæði þess. Við þessu hafi verið brugðist nokkru síðar og sandurinn fergjaður með mól.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu F hjá X. Telur M að lögmaður F hafi viðurkennt bótaábyrgð F og jafnframt hafi verið sýnt fram á ábyrgð þess með ofangreindri yfirlýsingu bæjarstjóra S og í umfjöllun um málið í fjölmiðlum. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu um jarðvegsframkvæmdir á athafnasvæði F, þ. á m. um það hvernig sandi var komið fyrir á svæðinu og hvernig frá honum var gengið. Ekkert liggur fyrir sem sýnir fram á að frágangi sandsins hafi verið áfátt eða að tjón M vegna skemmda á bifreið hennar verði rakið til atvika sem F ber ábyrgð á. Þá liggur heldur ekkert fyrir í málinu sem sýnir fram á að lögmaður F hafi viðurkennt ábyrgð F þannig að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá X. Tjón M telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu F hjá X vegna tjóns á bifreið hennar.

Reykjavík, 30. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.